



255. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 15. júní 2017 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Hafsteinn Pálsson ritari, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lilja Sigurðardóttir, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Jón Finnbogason, Úlfur H. Hróbjartsson. Ingi Þór Ágústsson tók þátt í fundinum í gegnum fundarsíma.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn skýrði frá því helsta varðandi ólympísk verkefni.

EYOF 2017

Undirbúningur er á áætlun.

Smáþjóðaleikar 2017

ÍSÍ sendi tæplega 200 manns til San Marínó og gekk á ýmsu fyrir stóran hluta hópsins að komast á leiðarenda vegna tölvuvandræða hjá British Airways á Heathrow flugvelli. Forsvarsmenn SSÍ og KKÍ unnu frábæra vinnu við að halda hópnum jákvæðum og finna lausnir á þeim vandamálum sem hópurinn mætti á leiðinni út. Soffía Rut Þórisdóttir hjá VITA-ferðum vann einnig frábært starf við að koma hópnum á leiðarenda. Aðbúnaður í San Marínó var eins og við var að búast. Góður andi var í íslenska hópnum og mótlæti var mætt með jákvæðu viðhorfi. Ísland endaði í 3ja sæti í heildarfjölda verðlauna en er þó enn efst í heildarfjölda verðlauna allra Smáþjóðaleika.

Framkvæmdastjóri ÍSÍ skýrði frá aðalfundi GSSE sem haldinn var í tengslum við leikana. Angelo Vicini var endurkjörinn framkvæmdastjóri GSSE og Jean-Pierre Shoebel endurkjörinn formaður tækninefndar leikanna. Örvar Ólafsson var tilnefndur sem fulltrúi Íslands í tækninefndinni en Guðmundur Harðarsson, sem unnið hefur gríðarlega mikið og fórnfúst starf sem fulltrúi ÍSÍ í nefndinni gaf ekki kost á sér áfram til starfa. Eru honum þökkuð góð störf.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður sviðsins greindi frá því að fagráð sviðsins og starfsmenn væru búin að funda einu sinni til að fara yfir helstu verkefni og hlutverk sviðsins.

Almenningsiþróttasvið ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson meðlimur fagráðs sviðsins sagði frá fyrsta fundi fagráðsins og starfsmanna. Minnt var á Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ 18. júní nk.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ

Örn skýrði frá því helsta úr starfi sviðsins. Stíft hefur verið fundað vegna flokkunar á sérsamböndum. Mikið álag hefur verið á starfsmönnum sviðsins og fagraði við að fara yfir innsend gögn frá sérsamböndum.

3. Erindi frá Afrekssjóði ÍSÍ

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSÍ lagði fram bréf þar sem stjórn sjóðsins óskar eftir viðbótarfresti til að vinna að tillögum að úthlutun. Stjórnin telur afar mikilvægt að gefa þessu ferli þann tíma sem til þarf til að tryggja faglega vinnu.

Samþykkt að veita stjórninni umbeðinn viðbótarfrest en bent á að það megi ekki hamla greiðslu til sambanda sem þurfa greiðslu vegna yfirstandandi verkefna og uppfylla öll skilyrði til úthlutunar.

4. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Örn Andrésson skýrði stöðu mála. Enn eru talsverðir hnökrar í kerfinu og er unnið að villuprófunum og eftirfylgni varðandi úrlausnir. Forseti lagði áherslu á að hraða prófunum og upplýsa íþróttahreyfinguna í kjölfarið um stöðu mála og næstu skref.

5. Heiðranir

Samþykkt var með rafrænum hætti að sæma þá Birgi Guðmundsson, Unnstein Guðmundsson og Karl Jóhann Jóhannsson Silfurmerki ÍSÍ á aðalfundi Skotfélags Snæfellsness en þeir eru allir stofnfélagar í félaginu og eru heiðraðir fyrir störf sín í þágu skotíþróttar.

Einnig var samþykkt með rafrænum hætti að sæma Guðnýju Helgadóttur fyrrverandi formann Ungmenna- og íþróttasambands Fjallabyggðar Gullmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu íþróttar á starfssvæði UÍF.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 254. fundur framkvæmdastjórnar
- 9., 10. og 11. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá 23. maí, 9. júní og 15. júní 2017
- Afrekssjóðs frá 7. júní 2017
- Laganefnd ÍSÍ frá 14. júní 2017.

Farið yfir tillögur laganefndar um afgreiðslu erinda. Allar tillögur nefndarinnar samþykktar nema liður 20. Afgreiðslu þess liðs var frestað.

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður fimmtudaginn 17. ágúst nk. kl. 16:00.

9. Önnur mál

Forseti greindi frá því að hann hafi gengist undir skurðaðgerð sem hafi heppnast vel. Hann þurfi þó að vera frá vinnu í nokkrar vikur að læknisráði.

Erindi Badmintonfélags Hafnarfjarðar (BH)

Forseti fór yfir bréf BH þar sem forsvarsmenn félagsins lýsa yfir óánægju sinni með afgreiðslu Dómstóls ÍSÍ í máli félagsins gegn Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar. Málinu fylgja einnig skýringar dómara málsins, Ólafs Björnssonar, en sátt náðist í málinu.

Aðalfundur ENGSO

Sigríður Jónsdóttir varaforseti skýrði frá aðalfundi ENGSO sem hún sótti fyrir hönd ÍSÍ. Fundurinn var haldinn í París. Sigríður hefur skilað skýrslu frá fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.